

Föstudaginn 3. apríl 1992.

Nr. 358/1989. **Óskar Þorleifsson**

(Ásgeir Thoroddsen hrl.)

gegn

Jóhönnu Þorgrímsdóttur

(Þórólfur Kr. Beck hrl.),

Friðriki Björgvinsyni

(Kristinn Sigurjónsson hrl.),

Eggerti Andréssyni og

Sigurbergi Gröndal Ragnarssyni.

Veðskuldabréf. Fölsun. Tómlæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson og Garðar Gíslason og Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. september 1989. Hann gerir þessar dómkröfufur:

„A.

Á hendur stefndu, Jóhönnu Þorgrímsdóttur.

Aðallega:

- 1) Að áfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum stefndu í málinu.
- 2) Að stefnda verði dæmd in solidum með Friðriki Björgvinsyni til greiðslu á skuld samkv. skuldabréfi, að fjárhæð samtals kr. 233.441, stimpilgjaldi kr. 112 auk 52,8% ársvaxta af kr. 233.441 frá 04.07.1988 til 01.08.1988, en með 56,2% ársvöxtum frá þeim degi til 01.09.1988, en 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 01.10.1988, 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 25.10. 1988, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

3) Að staðfestur verði til tryggingar framangreindri skuld veðréttur og uppfærsluréttur í efri hæð hússins nr. 22 við Selvogsgrunn í Reykjavík ásamt tilheyrandi hlutdeild í lóðarréttindum og sameign í samræmi við veðskuldabréf, út gefið 22. febrúar 1984 og merkt í þinglýsingabók nr. 6182.

Til vara:

- 1) Að áfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum stefndu í málinu.
- 2) Að stefnda verði dæmd til að þola staðfestingu á veðrétti og

uppfærslurétti í 25% efri hæðar hússins nr. 22 við Selvogsgrunn í Reykjavík ásamt tilheyrandi hlutdeild í lóðarréttindum og sameign í samræmi við veðskuldabréf, út gefið 22. febrúar 1984 og merkt í þinglýsingabók nr. 6182.

Í bæði aðal- og varakröfu er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti að mati hins virðulega réttar.

Þess er jafnframt krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti samkv. 10. gr. laga nr. 25/1987 15 dögum eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist, að dráttarvextir leggist bæði við höfuðstól dómkröfu og höfuðstól málskostnaðar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta.

B.

Á hendur stefnda Friðriki Björgvinssyni.

Að stefndi verið dæmdur in solidum með stefndu, Jóhönnu Þorgrímsdóttur, til greiðslu á skuld samkv. skuldabréfi, að fjárhæð samt. kr. 233.441, stimpilgjaldi kr. 112 auk 52,8% ársvaxta af kr. 233.441 frá 04.07.1988 til 01.08.1988, en með 56,2% ársvöxtum frá þeim degi til 01.09.1988, en með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 01.10.1988, en með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 01.11.1988, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Einnig er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti að mati hins virðulega réttar.

Þess er jafnframt krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti samkv. 10. gr. laga nr. 25/1987 15 dögum eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist, að dráttarvextir leggist bæði við höfuðstól dómkröfu og höfuðstól málskostnaðar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta.

C.

Á hendur stefndu Eggerti Andréssyni og Sigurbergi Gröndal Ragnarssyni.

Að þeir verði dæmdir til að þola staðfestingu á veðrétti og uppfærslurétti í efri hæð hússins nr. 22 við Selvogsgrunn í Reykjavík ásamt tilheyrandi hlutdeild í lóðarréttindum og sameign í samræmi við veðskuldabréf, út gefið 22. febrúar 1984 og merkt í þinglýsingabók nr. 6182.“

Stefnda, Jóhanna Þorgrímsdóttir, krefst staðfestingar hins áfrýjanda dóms og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Friðrik krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti. Áður en málið var flutt í Hæstarétti, tilkynnti lögmaður hans, að ekki yrði mætt við flutning málsins.

Stefndu Eggert Andrésson og Sigurberg Gröndal Ragnarsson hafa hvorki sótt né látið sækja þing.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, falsaði stefndi Friðrik nöfn stefndu, Jóhönnu, Eggerts og Sigurbergs á umrætt skuldabréf, sem hafði því ekkert lagagildi gagnvart þeim. Við það sat áfram þrátt fyrir yfirlýsingu þá, er stefnda, Jóhanna, gaf út 4. september 1984. Eigi eru heldur efni til að fallast á, að stefnda, Jóhanna, hafi með aðgerðaleysi samþykkt skuldbindingu samkvæmt bréfinu, eftir að henni varð fölsunin ljós.

Samkvæmt þessu og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, að því er varðar stefndu, Jóhönnu, Eggert og Sigurberg. Verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefndu, Jóhönnu, málskostnað eins og í dómsorði segir.

Vegna fölsunar stefnda Friðriks á nöfnum þinglesinna eigenda íbúðarinnar að Selvogsgrunni 22, efri hæð, á skuldabréfinu var veðsetning íbúðarinnar til tryggingar skuldbindingu hans sjálfs ógild.

Fjárkröfur sínar á hendur stefnda Friðriki byggir áfrýjandi á því, að sér hafi verið heimilt að gjaldfella bréfið 4. júlí 1985, þar sem stefndi hafi verið búsettur í Bandaríkjunum með óþekktu heimilisfangi. Ómöguleiki hafi því hindrað kröfueiganda í því að láta skuldara vita um greiðslustað skuldabréfsins. Kröfufjárhæðin sé höfuðstóll bréfsins að viðbættum samningsvöxtum frá 25. febrúar 1984 til 4. júlí 1985, 20.002,50 krónum, og dráttarvöxtum af samanlagðri fjárhæð frá þeim degi til 4. júlí 1988.

Eins og atvikum máls þessa er háttað, ber að fallast á, að heimilt hafi verið að gjaldfella skuldabréfið 4. júlí 1985, og verður stefndi Friðrik því dæmdur til að greiða fjárhæð þess ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og í dómsorði segir.

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur, að því er varðar stefndu, Jóhönnu Þorgrímsdóttur, Eggert Andrésson og Sigurberg Gröndal Ragnarsson.

Áfrýjandi, Óskar Þorleifsson, greiði stefndu, Jóhönnu Þorgrímsdóttur, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Veðsetning stefnda Friðriks Björgvinssonar á framangreindri íbúð er ógild.

Stefndi Friðrik greiði áfrýjanda, Óskari Þorleifssyni, 75.000 krónur með ársvöxtum sem hér segir: 20% frá 22. febrúar 1984 til 4. júlí 1985, 42% frá þeim degi til 1. september 1985, 45% frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% frá þeim degi til 1. apríl 1986, 27% frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% frá þeim degi til 14. apríl 1987, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags. Áfallnir dráttarvextir skulu leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 4. júlí 1986.

Stefndi Friðrik Björgvinsson greiði áfrýjanda samtals 70.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. júní 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. júní 1989, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, sem þingfest var 10. desember 1987, af Jóhönnu Þorgrímsdóttur, nnr. 5063-2571, Reykjamörk 16, Hveragerði, á hendur Óskari Þorleifssyni, nnr. 6947-6317, Flyðrugranda 2, Reykjavík. Hinn 25. október 1988 var þingfest gagnstefna.

Endanlegar dómkröfur aðila eru þessar:

Aðalsök.

Dómkröfur stefnanda eru aðallega, að ógilt verði með dómi að öðru leyti en því, er persónulega skuldbindingu Friðriks Björgvinssonar varðar, veðskuldabréf, út gefið af Friðriki Björgvinssyni og sagt skv. texta bréfsins út gefið af Jóhönnu Þorgrímsdóttur 22. febrúar 1984 í Reykjavík til handhafa, að höfuðstól 75.000 kr., tryggt með 6. veðrétti og uppfærslurétti samhlíða samhljóða veðskuldabréfi í efri hæð hússins nr. 22 við Selvogs-

grunn í Reykjavík, ásamt tilheyrandi hlutdeild í lóðarréttindum og sameign, en bréf þetta, sem er lítra 6182, skyldi greiða með tveimur jöfnum afborgunum á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 25.11. 1984, og bera 20% ársvexti.

Til vara er gerð sú krafa, að fyrrgreindur 6. veðréttur og uppfærsluréttur í fasteigninni skv. greindu veðskuldabréfi verði ógiltur með dómi og að staðfest verði, að stefnanda sé heimilt að aflýsa veðskuldabréfi þessu af fyrrgreindum eignarhluta í fasteigninni nr. 22. við Selvogsgrunn í Reykjavík.

Krafist er málskostnaðar úr hendi aðalstefnda, Óskars Þorleifssonar, skv. gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur aðalstefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum dómkröfum aðalstefnanda.

Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi aðalstefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ.

Gagnsök.

Dómkröfur gagnstefnanda, Óskars Þorleifssonar, á hendur gagnstefndu, Jóhönnu Þorgrímsdóttur, eru aðallega:

1. Að viðurkenndur verði veðréttur sá, sem aðalstefnandi krefst ógildingar á, og að gagnstefnda verði dæmd til greiðslu skuldabréfsins, að fjárhæð 233.441 kr., og stimpilgjalds 112 kr. auk [nánar tilgreindra vaxta].

2. Verði ekki fallist á kröfu samkvæmt 1. lið, er þess krafist, að gagnstefndu verði gert að greiða 233.441 kr. og stimpilgjald 112 kr. auk [nánar tilgreindra vaxta].

Til vara krefst gagnstefnandi þess, að veðrétturinn skv. skuldabréfinu, dags. 22.2. 1984, verði viðurkenndur, að því er varðar eignarhluta Friðriks Björgvinssonar í Selvogsgrunni 22, eins og hann var á þeim tíma, er skuldabréfið var undirritað, þ.e. 25% af íbúðinni á efstu hæð hússins.

Þá er krafist málskostnaðar [...].

Gagnstefnda krefst sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda og málskostnaðar úr hans hendi samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Með sakaukastefnu, sem þingfest var 8. nóvember 1988, sakaukastefnir gagnstefnandi, Óskar Þorleifsson, Friðriki Björgvinssyni, áður til heimilis að Lönguhlíð 25, Reykjavík, nú Austurgötu 9, Hofsósi, kt. 050545-2889, nnr. 2447-2051. Endanlegar dómkröfur eru þær aðallega, að Friðrik verði dæmdur in solidum ásamt gagnstefndu, Jóhönnu Þorgrímsdóttur, til greiðslu skuldabréfsins, að fjárhæð 233.441 kr., og stimpilgjalds, 112 kr., auk [nánar tilgreindra vaxta].

En verði ekki á það fallist, er til vara krafist greiðslu á 233.441 kr. og stimpilgjalds, 112 kr. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Af hálfu sakaukastefnda, Friðriks Björgvinssonar, eru þær dómkröfur

gerðar, að honum verði aðeins gert að greiða höfustól veðskuldabréfsins, 75.000 kr., ásamt 20% ársvöxtum frá 22.2. 1984 til stefnubirtingardags, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags, að áfallnir vextir leggist við höfuðstól, í fyrsta sinn ári eftir stefnubirtingu. Þess er krafist, að málskostnaður verði felldur niður.

Með sakaukastefnu, sem þingfest var 25. október 1987, sakaukastefnir gagnstefnandi, Óskar Þorleifsson, Eggerti Andréssyni, Selvogsgrunni 22, 104 Reykjavík, kt. 170833-3419, og Sigurbergi Gröndal Ragnarssyni, Austurbrún 23, Reykjavík, kt. 161148-2109, og gerir þær kröfur á hendur þeim, að þeir verði in solidum dæmdir til að þola veðrétt skv. umdeildu veðskuldabréfi, út gefnu 22.2. 1984 af Jóhönnu Þorgrímsdóttur í Reykjavík til handhafa, upphaflega að fjárhæð 75.000 kr., tryggt með 6. veðrétti, ásamt samhljóða veðbréfi, í efri hæð hússins nr. 22 við Selvogsgrunn, Reykjavík, en hvíli nú á 2. veðrétti. Bréfið sé merkt lítra 6182 og skyldi greiða með jöfnum afborgunum á næstu tveimur árum 25.11. ár hvert, í fyrsta skipti 25.11. 1984, og bera 20% ársvexti.

Ekki er krafist málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Af hálfu þeirra Eggerts og Sigurbergs hefur ekki verið sótt þing.

Málsatvik, málsástæður og lagarök.

Aðalsök.

Í aðalsök kveður stefnandi málavexti vera þá, að 22. febrúar 1984 hafi Friðrik Björgvinsson gefið út tvö samhljóða skuldabréf. Samkvæmt texta bréfanna séu hann og Jóhanna Þorgrímsdóttir útgefendur að báðum bréfunum. Þetta hafi hann gert án heimildar Jóhönnu, og hafi hann falsað undirskrift hennar undir bréfin. Einnig hafi undirskrift tveggja votta að undirritun bréfanna verið fölsuð. Mál þetta snúist um annað þessara bréfa. Hafi efni þess verið lýst að ofan í dómkröfum.

Hinn 18. nóvember 1986 hafi verið kveðinn upp í sakadómi Reykjavíkur áfellingisdómur vegna fölsunar þeirrar, sem mál þetta varðar, en aflýsing hinna fölsuðu veðskuldabréfa hafi eigi fengist framkvæmd á grundvelli þess dóms.

Hinn 11. júní 1987 hafi verið þingfest í bæjarþingi Reykjavíkur mál til ógildingar bréfsins samkvæmt XIX. kafla laga nr. 85/1936. Í þinghaldi 17. nóvember 1987 hafi verið staðfest, að varnar- og vörsluaðili bréfsins væri Óskar Þorleifsson, og hafi ógildingarmálið þá verið hafið og mál það höfðað, er hér sé til úrlausnar.

Stefnandi kveðst hafa selt fasteignina að Selvogsgrunni 22, Reykjavík, Eggerti Andréssyni, en við söluna hafi hún skuldbundið sig til þess að aflýsa hinu umdeilda skuldabréfi af eigninni.

Stefnandi kveðst byggja á því, að veðskuldabréf þetta sé falsað, og geti

stefndi, Óskar, því eigi öðlast neinn rétt samkvæmt bréfinu, hvorki samkvæmt reglum um viðskiptabréf né heldur traustfangsreglum.

Af hálfu stefnda í aðalsök, Óskars Þorleifssonar, er á því byggt, að þegar umdeilt veðskuldabréf hafi verið gefið út 22. febrúar 1984, hafi þau Friðrik og Jóhanna bæði verið þinglýstir eigendur samkvæmt kaupsamningi að hinni veðsettu eign. Samkvæmt skjölum málsins hafi eignarhluti stefnanda verið 75%, en Friðriks 25%. Kaupsamningur hafi verið dags. 2. september 1983, og honum hafi verið þinglýst 31. okt. s.á. Í yfirlýsingu, sem dagsett sé 4. september 1984, komi fram, að með bréfi, dags. 8. ágúst 1984, hafi nefndur Friðrik lýst yfir því, að Jóhanna, stefnandi aðalsakar, mætti eiga sinn eignarhluta í Selvogsgrunni 22. Í framangreindri yfirlýsingu lýsi stefnandi yfir, að samkvæmt yfirlýsingu Friðriks og með því að hún hafi tekið að sér allar skuldbindingar varðandi eignina, þá sé hún eini eigandi eignarinnar. Svo sem fram hafi komið, sé þessi yfirlýsing dags. 4. september 1984, en umdeildu skuldabréfi hafi verið þinglýst á eignina 23. febrúar 1984. Hinn 20. júní 1984 hafi verið þinglýst láni frá Byggingarsjóði ríkisins, og hafi stefnandi þá fengið veðbókarvottorð, þar sem umdeilt skuldabréf komi fram. Með yfirlýsingu sinni lýsi stefnandi yfir, að hún taki að sér allar skuldbindingar varðandi eignina og hafi þar með skuldbundið sig til að greiða umdeilt skuldabréf, enda hafi hún tekið við eignarhluta Friðriks.

Stefndi, Óskar, kveðst hafa keypt skuldabréfið í góðri trú hjá veðbréfasala. Þegar ekki hafi verið greitt af skuldabréfinu, hafi verið beðið um uppboð á eigninni. Þá hafi komið fram mótmæli af hálfu stefnanda. Síðan hafi verið höfðað ógildingarmál, en það hafið.

Stefndi kveðst til stuðnings kröfum sínum vísa til almennra reglna kröfu- og samningaréttar um greiðslu fjárskuldbindinga.

Gagnsök.

Gagnstefnandi, Óskar Þorleifsson, kveðst styðja dómkröfur sínar þeim rökum, að gagnstefnda, Jóhanna, hafi tekið að sér allar skuldbindingar varðandi íbúðina að Selvogsgrunni 22, sem áður hafi bæði verið í eigu hennar og Friðriks Björgvinssonar, með yfirlýsingu sinni, dags. 4. september 1984, þar með talið veðskuldabréf það, sem hér sé um deilt. Telja verði, að Jóhönnu hafi verið kunnugt um, að umrætt veðskuldabréf hafi hvílt á eigninni, þar sem því hafi verið þinglýst á eignina 22. febrúar 1984, um það bil sex mánuðum áður en Jóhanna hafi ein orðið eigandi að eigninni. Veðskuldabréfi frá Byggingarsjóði ríkisins hafi auk þess verið þinglýst á eignina 20. júní 1984, þ.e. á milli þess, að falsaða veðskuldabréfinu var þinglýst, og þess, að Jóhanna varð ein eigandi eignarinnar. Í bréfi Byggingarsjóðs ríkisins sé sagt, að á undan þeim veðrétti, sem það veiti, hvíli veðskuldir, að fjárhæð 360.000 kr. Hafi Jóhönnu því mátt vera ljóst, þegar

hún skrifaði undir síðastnefnt veðskuldabréf, að umdeilt veðskuldabréf frá 22. febrúar 1984 hlyti að hvíla á eigninni. Liggi þetta í augum uppi, þegar skoðuð séu þau skjöl, sem þinglýst hafi verið á eignina á þeim tíma, og fjárhæð þeirra. Gera megi ráð fyrir, að Jóhanna hafi fengið veðbókarvottorð við lántökuna hjá Byggingarsjóði ríkisins til þess að leggja þar fram. Af þessu megi vera ljóst, að Jóhönnu hafi hlotið að vera kunnugt um viðkomandi skuldabréf, og þar sem hún með yfirlýsingu 8. ágúst 1984 viðurkenni að hafa tekið við öllum skuldbindingum varðandi eignina, verði að líta svo á, að umrætt veðskuldabréf sé þar á meðal. Loks hafi Jóhanna látið þinglýsa nokkrum skuldabréfum á Selvogsgrunn 22, eftir að hún var ein orðin eigandi eignarinnar, en áður en hún hafi hafist handa um að reyna að fá umdeildu veði aflýst af eigninni. Á þeim skuldabréfum séu taldar upp þær veðskuldir, sem hvíli á eigninni á undan viðkomandi láni, og sé umdeilt bréf ávallt þar á meðal. Líði um það bil tíu mánuðir, frá því að hún gefur út fyrsta veðskuldabréfið, eftir að hún er ein orðin eigandi, þar til hún kæri umdeilt veðskuldabréf til Rannsóknarlögreglu ríkisins 9. júlí 1985. Nær eitt og hálf ári sé þá liðið, frá því að umdeildu veðskuldabréfi hafi verið þinglýst á Selvogsgrunn 22. Á þeim tíma hafi Jóhanna hvað eftir annað kannast við veðsetninguna. Af þessu megi draga þá ályktun, að Jóhanna hafi í raun samþykkt framangreinda veðsetningu, eða í það minnsta sé réttur hennar fallinn niður sökum tómlætis.

Gagnstefnandi kveðst hafa keypt umdeilt veðskuldabréf í góðri trú hjá veðbréfasala 3. maí 1984. Með yfirlýsingu sinni, dags. 4. september 1984, hafi gagnstefnda stofnað rétt til handa gagnstefnanda, svokallað þriðjammansloforð, sem lúti að viðurkenningu hins umdeilda veðréttar eða að minnsta kosti greiðslu þeirrar skuldar, sem veðbréfið hljóði um.

Gagnstefnandi gerir eftirfarandi grein fyrir fjárkröfu sinni:

1) Að hún nemi höfuðstól skuldabréfsins, 75.000 kr., auk samningsvaxta til 25.2. 1985, er bréfið hafi verið gjaldfellt, 15.000 kr., samtals 90.000 kr., og hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1.3. 1985, sem lagðir séu við höfuðstól 1.3. ár hvert, síðast 1.3. 1988. Dráttarvextir frá 1.3. 1985 til 1.3. 1986 nemi 40.500 kr., frá 1.3. 1986 til 1.3. 1987, 35.887 kr. og frá 1.3. 1987 til 1.3. 1988 67.054 kr. Samtals nemi stefnufjárhæðin því 233.441 kr.

2) Verði ekki fallist á, að heimilt hafi verið að gjaldfella veðskuldabréfið 25.2. 1985, sé þess krafist, að miðað verði við, að skuldabréfið hafi verið gjaldfellt 4.7. 1985, og útreikningur dráttarvaxta og vaxtavaxta sé miðaður við þann dag. Krafa þessi sé á því reist, að gagnstefnda, Jóhanna, hafi viðurkennt að hafa fengið tilkynningu frá lögmanni gagnstefnanda, Óskars, um gjaldfellingu og vanskil veðskuldabréfsins 4. júlí 1985. Gagnstefnufjárhæðin nemi þá höfuðstól veðskuldabréfsins auk samningsvaxta

frá 22.2. 1984 til 4.7. 1985, 20.002,50 kr., samtals 95.002,50 kr., auk hæstu lögleyfðra dráttarvaxta af þeirri fjárhæð frá 4.7. 1985, sem lagðir séu við höfuðstól 4.7. ár hvert, síðast 4.7. 1988. Dráttarvextir frá 4.7. 1985 til 4.7.1986 nemi 37.051 kr., frá 4.7. 1986 til 4.7. 1987 37.371 kr. og frá 4.7. 1987 til 4.7. 1988 76.241 kr. Samtals nemi fjárhæðirnar 245.665,50 kr. Ef miðað sé við gjaldfellingu 4.7. 1985 og uppfærslu dráttarvaxta miðað við þann dag, verði gagnstefnufjárhæðin því hærri en sú fjárhæð, sem upphaflega var krafist. Til þess að forðast ágreining vegna þessa sé gagnstefnufjárhæðin samkvæmt þessum lið því lækkuð um 12.224,50 kr. og verði 233.441 kr.

Til stuðnings varakröfu sinni bendir gagnstefnandi á, að á þeim tíma, er Friðrik hafi undirritað skuldabréfið, hafi hann verið eigandi að 25% íbúðar á efri hæð húseignarinnar að Selvogsgrunni 22 og hafi því haft fulla heimild til þess að veðsetja sinn hluta eignarinnar, svo að það væri bindandi fyrir síðari eigendur.

Gagnstefnandi kveðst reisa kröfur sínar á almennum reglum kröfuréttar og samningaréttar um greiðslu fjárskuldbindinga og stofnun loforða svo og á reglum veðréttarins um stofnun slíkra réttinda, þ.e. samningsveðs í fasteignum. Um stofnun loforðs sér til handa telur hann, að sérstaklega megi vísa til dóma Hæstaréttar frá árinu 1936, 294. bls., og 1983, 691. bls.

Af hálfu gagnstefndu, Jóhönnu Þorgrímsdóttur, er því mótmælt, að yfirlýsing hennar, dags. 4. september 1984, um yfirtöku allra skuldbindinga varðandi íbúð að Selvogsgrunni 22 hafi náð til umdeilds veðskuldabréfs. Verði að telja, að það hafi verið forsenda af sinni hálfu, að um lögmætar skuldbindingar væri að ræða og að hún hafi einungis verið að taka á sig slíkar skuldbindingar. Gagnstefnda kveðst byggja á því, að sér hafi verið ókunnugt um tilvist umrædds veðskuldabréfs og annars samhljóða og um það, að þau hvíldu á íbúð sinni allt þar til um miðjan september 1984. Þá hafi hún gert sér ferð á fasteignasöluna Fasteignamarkaðinn til að ganga frá afsali til kaupanda fasteignar sinnar, íbúðar að Hrisateigi 10, Reykjavík, og til að ganga frá flutningi veða af þeirri fasteign yfir á efri hæð Selvogsgrunns 22, Reykjavík. Hafi hún þá rekið augun í það, að á meðal þeirra áhvilandi veðskulda, sem taldar hafi verið upp, hafi verið tvö handhafaskuldabréf á 5. veðrétti, dags. 22. febrúar 1984, að fjárhæð 75.000 kr. hvort, sem hún hafi ekki kannast við, sbr. vitnisburð Sigríðar Pálsdóttur, þáverandi starfsmanns á fasteignasölnunni. Hafi hún í fyrstu talið, að hún hefði í ógáti skrifað undir fjögur skuldabréf í stað tveggja, en tvö veðskuldabréf, nær samhljóða hinum fölsuðu, höfðu verið gefin út 21. nóvember 1983 og þinglýst næsta dag, merkt lítra 32703 og 32704. Fullyrðingum lögmanns gagnstefnanda um, að gagnstefnda hafi, áður en hér greinir, öðlast vitneskju um umdeilt veðskuldabréf, og um, að það hvíldi

á íbúð hennar, er mótmælt sem órökstuddum og röngum. Sérstaklega er þeirri fullyrðingu mótmælt, að gagnstefnda hafi „trekk í trekk“ kannast við veðsetninguna.

Gagnstefnda kveðst hafa verið krafín um greiðslu nefnds skuldabréfs með símskeyti frá Lögheimtunni hf., sem dagsett sé 4. júlí 1985, og innheimtubrési frá sama fyrirtæki, dags. 5. júlí 1985. Þá þegar hafi hún og eiginmaður sinn, Ólafur Garðarsson, gert ráðstafanir til þess að kynna sér tilurð bréfsins. Hafi hann farið til borgarfégetaembættisins í Reykjavík og orðið sér úti um ljósrit af frumriti bréfsins. Hafi þau þá strax séð, að bréfið var falsað. Nokkrum dögum síðar, 9. júlí 1985, kveðst gagnstefnda hafa kært atferli sakaukastefnda í gagnsök, Friðriks Björgvinssonar, til Rannsóknarlögreglu ríkisins. Síðan kveðst hún hafa leitað aðstoðar Þórólfs Kristjánssonar Beck hrl., og hafi hann tilkynnt Lögheimtunni hf. með bréfi, dags. 15. ágúst 1985, um fölsunina og um, að umdeilt skuldabréf yrði ekki greitt. Í uppboðsmáli vegna vanefnda á greiðslum skuldabréfsins hafi lögmaðurinn síðan borið fram mótmæli fyrir hönd gagnstefndu.

Bygt sé á því, að gagnstefnda hafi verið í villu um fölsun umdeilds skuldabréfs, allt þar til hún hafði kynnt sér tilurð þess í kjölfar greiðslukröfu Lögheimtunnar hf. Því er haldið fram, að hún hafi, eftir að henni varð fölsunin ljós, mótmælt kröfunni án ástæðulauss dráttar og komið upplýsingum um fölsunina á framfæri við umboðsmann gagnstefnanda.

Varakröfu gagnstefnanda kveður hún hafnað á þeirri forsendu, að Friðrik Björgvinsson, sakaukastefndi í gagnsök, hafi ekki haft heimild til að veðsetja sinn hluta húseignarinnar án samþykkis þáverandi afsalshafa. Fyrir liggir, að hann hafi einnig falsað nöfn þeirra, og því hafi enginn veðréttur stofnast.

Kröfur sínar á hendur Friðriki Björgvinssyni kveðst gagnstefnandi, Óskar Þorleifsson, reisa á því, að með undirskrift sinni á skuldabréfið hafi stefndi, Friðrik, skuldbundið sig á ótvíræðan hátt til greiðslu skuldabréfsins. Hann hafi og viðurkennt, að eigin undirskrift sín væri ófölsuð.

Gagnstefnandi gerir eftirfarandi grein fyrir fjárkröfu sinni á hendur Friðriki Björgvinssyni:

1) að hún nemi höfuðstól skuldabréfsins, 75.000 kr., auk samningsvaxta til 25.2. 1985, er bréfið hafi verið gjaldfellt, 15.000 kr., samtals 90.000 kr., og hæstu lögleyfðra dráttarvaxta af þeirri fjárhæð frá 1.3. 1985, sem lagðir séu við höfuðstól 1.3. ár hvert, síðast 1.3. 1988. Dráttarvextir frá 1.3. 1985 til 1.3. 1986 nemi 40.500 kr., frá 1.3. 1986 til 1.3. 1987 35.887 kr. og frá 1.3. 1987 til 1.3.1988 67.054 kr. Samtals nemi stefnufjárhæðin því 233.441 kr.

2) Verði ekki fallist á, að heimilt hafi verið að gjaldfella veðskuldabréfið 25.2. 1985, sé þess krafist, að miðað verði við, að skuldabréfið hafi

verið gjaldfellt 4.7. 1985 og útreikningur dráttarvaxta og vaxtavaxta sé miðaður við þann dag. Stefnumfjárhæðin nemi þá höfuðstól veðskulda-bréfsins auk samningsvaxta frá 22.2. 1984 til 4.7. 1985, 20.002,50 kr., samtals 95.002,50 kr., auk hæstu lögleyfðra dráttarvaxta af þeirri fjárhæð frá 4.7. 1985, sem lagðir séu við höfuðstól 4.7. ár hvert, síðast 4.7. 1988. Dráttarvextir frá 4.7. 1985 til 4.7. 1986 nemi 37.051 kr., frá 4.7. 1986 til 4.7. 1987 37.371 kr. og frá 4.7. 1987 til 4.7. 1988 76.241 kr. Samtals nemi fjárhæðirnar 245.665,50 kr. Ef miðað sé við gjaldfellingu 4.7. 1985 og uppfærslu dráttarvaxta miðað við þann dag, verði gagnstefnumfjárhæðin því hærri en sú fjárhæð, sem upphaflega var krafist. Til þess að forðast ágreining vegna þessa sé gagnstefnumfjárhæðin samkvæmt þessum lið því lækkuð um 12.224,50 kr. og verði 233.441 kr.

Gagnstefnandi kveðst reisa kröfu sína á almennum reglum kröfuréttar og samningaréttar um greiðslu fjárskuldbindinga.

Stefndi, Friðrik, heldur því fram til stuðnings dómkröfum sínum, að skuld þessi sé samkvæmt handhafaveðskuldabréfi, sem stefndi hafi aldrei verið krafinn greiðslu á fyrr en með birtingu stefnu í máli þessu. Kveður hann, að sér hafi verið allsendis ókunnugt um handhöfn bréfsins fyrr og sér því verið óskýlt að greiða samkvæmt þeim reglum, sem gildi um handhafaskuldabréf. Beri sér því aðeins að greiða höfuðstól bréfsins með 20% ársvöxtum frá 22. febrúar 1984.

Kveðst hann hafa viðurkennt að hafa gefið út hið umstefnda skuldabréf og bera ábyrgð á greiðslum þess sem útgefandi. Til tryggingar greiðslu hafi öll efsta hæð hússins nr. 22 við Selvogsgrunn í Reykjavík verið veðsett. Heldur hann því fram, að Jóhönnu Þorgrímsdóttur hafi alla tíð verið kunnugt um tilvist skuldabréfsins og hvernig það hafi verið til komið. Andvirði þess kveður hann hafa gengið til þess að greiða kaupverð efstu hæðar Selvogsgrunns 22 í Reykjavík, sem þau Jóhanna hafi fest kaup á sameiginlega. Með bréfi, dags. 8. apríl 1984, kveðst hann hafa gefið Jóhönnu eignarhluta sinn, 25% í téðri fasteign. Með yfirlýsingu, dags. 4. september 1984, þinglýstri 6. september s.á., hafi Jóhanna lýst yfir, að hún tæki við öllum skuldbindingum varðandi eignina. Skuldabréfinu hafi verið þinglýst 22. febrúar 1984, tæpum sex mánuðum áður. Jóhanna hafi síðan margveðsett eignina fram að því, að hún kærði stefnda, Friðrik, til Rannsóknarlögreglu ríkisins 9. júlí 1985, og hafi þá verið liðið nærfellt eitt og hálf ár, frá því að veðskuldabréfinu hafi verið þinglýst. Til veðsetningar hafi hún væntanlega þurft að verða sér úti um veðbókarvottorð, þar sem skýrlega hafi komið fram um áhvílandi veðskuldir eignarinnar. Þá tekur hann fram, að með yfirlýsingu, dags. 25. september 1986, falli Jóhanna frá kröfum um greiðslu á 52.000 kr., sem hún hafi gert í sakadómi Reykjavíkur í opinberu máli, sem höfðað hafi verið á hendur stefnda, Friðriki.

Hér hafi verið um að ræða fé, sem hún hafi greitt af samhljóða bréfi á sama veðrétti, sem til komið hafi verið með nákvæmlega sama hætti. Verði það ekki skýrt með öðrum hætti en hún hafi samþykkt veðsetninguna eftir á án tillits til þess, hvornig nafnritun hennar á bréfinu hafi verið til komin. Verði ekki á það fallist, að með þessu hafi hún samþykkt veðsetninguna, verði að telja, að hún hafi glatað rétti sínum sökum aðgerðarleysis. Loks telur hann, að hann hafi einn verið eigandi 25% íbúðarinnar að Selvogsgrunni 22, þegar veðsetning fór fram, og verði að telja, að sér hafi verið heimil veðsetning þess hluta. Kveðst hann vísa til eftirtalinnna Hæstaréttar-dóma til stuðnings kröfu sinni: 1933, 491, 1980, 1974, 1979, 211.

Dómkröfur sínar á hendur gagnstefndu, Eggerti Andrésyni og Sigurbergi Gröndal Ragnarssyni, styður gagnstefnandi, Óskar Þorleifsson, þeim rökum, að þeim sé stefnt inn í mál þetta til að þola umræddan veðrétt á húseigninni nr. 22 við Selvogsgrunn, þar sem þeir séu skráðir sem eigendur að nefndri húseign, og vísar hann til almennra reglna kröfuréttar, samningaréttar og veðréttar. Kveður hann Eggert Andrésen vera núverandi þinglýstan eiganda íbúðarinnar á efstu hæð að Selvogsgrunni 22, en Sigurberg Gröndal Ragnarsson vera eiganda samkvæmt kaupsamningi.

Niðurstaða.

Rétt þykir að fjalla sameiginlega um aðalsök og gagnsök aðilanna Jóhönnu Þorgrímsdóttur og Óskars Þorleifssonar.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 10. nóvember 1986, er upplýst, að undirskrift aðalstefndu, Jóhönnu, sem útgefanda á skuldabréfi því, sem hér um ræðir, sem og undirskrift þáverandi þinglýstra eigenda um veðheimild og undirskrift votta eru falsaðar af Friðriki Björgvinssyni. Hann skrifaði sjálfur undir sem annar útgefandi bréfsins og hefur staðfest þá undirritun sem rétta. Bréfið er því falsað að öllu öðru leyti en því, er varðar persónulega skuldbindingu Friðriks Björgvinssonar. Ósannað er, að Jóhann Þorgrímsdóttir hafi verið samþykkt útgáfu bréfsins og veðsetningu sameignar þeirra. Friðrik hafði því ekki samþykki hennar fyrir veðsetningunni sem sameiganda. Varð hún því hvorki skuldbundin til greiðslu skuldarinnar né til þess að þola veðsetningu allrar eignarinnar efri hæðar hússins nr. 22 við Selvogsgrunn í Reykjavík.

Friðrik Björgvinsson skyldi samkvæmt sameiginlegum kaupsamningi hans og Jóhönnu Þorgrímsdóttur, dagsettum 2. september 1983 og móttæknum til þinglýsingar 27. október 1983, vera eigandi 25% ofangreindrar eignar. Með bréfi, dagsettu 8. ágúst 1984, lýsir hann yfir því, að Jóhanna megi eiga eignarhluta sinn. Yfirlýsing Jóhönnu um, að hún sé nú ein eigandi íbúðarinnar, er dagsett 4. september 1984 og móttekin til þinglýsingar 6. sama mánaðar. Afsal til hennar er samkvæmt ljósriti veðmálabókar dags.

19. febrúar 1985 og þinglesið 13. sama mánaðar (sic). Af þessu má sjá, að Friðrik fékk aldrei afsal fyrir eigninni og öðlaðist því aldrei óskilyrtan rétt til hennar.

Ætla verður, að tilgangur sameignarinnar hafi verið að nýta hana til búsetu eigenda og að greint prósentuhlutfall eignarhluta þeirra hafi átt að vera leiðbeinandi um skiptingu eignarinnar, ef til búskipta kæmi. Veðsetning annars eigenda á eignarhluta sínum við slíkar aðstæður hlýtur að teljast óvenjuleg. Ljóst þykir, að Friðrik hafi ætlað sér að veðsetja alla eignina, en ekki aðeins sinn eignarhluta, enda er sá skilningur í samræmi við hljóðan bréfsins. Ljóst er, að veðsetning annars hluta eignarinnar en hans eigin sérstaklega var Friðriki óheimil án samþykkis Jóhönnu. Þar sem hann tilgreindi ekki, að hann væri sérstaklega að veðsetja sinn hluta, verður ekki á það fallist, að Friðrik hafi með hinu umdeilda skuldabréfi stofnað til gildrar veðsetningar í 25% eignarhluta sínum.

Enn fremur er rétt að veita því athygli, að hefði hann ekki falsað nöfn sameiganda og þinglesinna eigenda á bréfið, hefði það ekki fengist þinglesið á eignina. Bréf, sem þannig er til komið, að það sjálft er, að því er veðréttinn varðar, ógilt vegna fölsunar og fæst þinglesið vegna fölsunar, þykir ekki vera fullnægjandi grundvöllur veðsetningar. Óskar Þorleifsson þykir því ekki hafa öðlast neinn rétt samkvæmt skuldabréfinu sem slíku, þrátt fyrir það að hann væri grandlaus um fölsunina.

Sú yfirlýsing aðalstefnanda, Jóhönnu, frá 4. september 1984, að hún hafi tekið að sér „allar skuldbindingar“ varðandi eignina, verður ekki gegn mótmælum hennar talin taka til annars en áhvilandi veðbanda, er löglega hafði verið til stofnað.

Þeirri staðhæfingu Jóhönnu hefur ekki verið hnekktt, sem á sér stoð í vætti vitnis og dómskjölum, að sér hafi ekki verið ljóst, að tilgreint veðskuldabréf væri þinglesið á eignina, fyrr en um miðjan september 1984 og að hún hafi þá enn um hríð verið í villu um tilurð þess. Verður ekki á það fallist, að vegna frekari veðsetninga og öflunar veðbókarvottorða vegna þeirra hafi hún hlotið eða átt að gera sér fyrr grein fyrir því, að hin fölsuðu bréf hvíldu á eigninni, enda er ekkert upplýst um það, hvernig að þessum lántökum var staðið. Þykir ekki sannað, að hún hafi sýnt slíkt tómlæti, að það eigi að varða hana réttarspjöllum. Samkvæmt þessu verður ekki talið, að Jóhanna Þorgrímsdóttir hafi skuldbundið sig síðar til greiðslu og/eða veitt heimild til veðsetningar samkvæmt efni hins falsaða skuldabréfs.

Niðurstaðan í þessum þætti málsins er því sú með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, að aðalkrafa stefnanda í aðalsök er tekin til greina að öllu leyti, en gagnstefnda skal vera sýkn af öllum kröfum gagnstefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðilar beri hvor sinn kostnað af þessum þætti málsins.

Að því er varðar kröfu Óskars Þorleifssonar á hendur stefnda, Friðriki Björgvinssyni, er aðeins deilt um upphafstíma vaxta. Ósannað er, að Friðrik hafi verið krafinn um greiðslu fyrir en með birtingu sakaukastefnu 1. nóvember 1988. Verður hann því eigi krafinn um dráttarvexti fyrir en frá þeim degi, þar sem hér er um handhafaskuldabréf að ræða. Skal stefndi því greiða stefnanda 75.000 kr. auk samningsvaxta til stefnubirtingardags, 1. nóvember 1988, og dráttarvaxta frá þeim degi skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 til greiðsludags. Kröfugerð stefnanda er sett þannig fram, að dráttarvextir eru reiknaðir og lagðir við höfuðstól, svo sem nánar er skýrt í málatilbúnaði. Þykir í þessari framsetningu felast almenn krafa um, að vextir verði lagðir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, og er hún tekin til greina þannig, að dráttarvexti má leggja við höfuðstól í fyrsta sinn 1. nóvember 1989.

Þegar til þess er litið, að ósannað er, að stefndi hafi verið krafinn um greiðslu dómkröfunnar fyrir en með stefnu í máli þessu, sem og til þess, að fallist hefur verið á sjónarmið stefnda um dráttarvexti, þykir málskostnaður í þessum þætti málsins úr hendi stefnda, Friðriks Björgvinssonar, til stefnanda, Óskars Þorleifssonar, hæfilega ákveðinn 25.000 kr., og hefur þá verið tekið tillit til söluskatts.

Af hálfu stefndu, Eggerts Andréssonar og Sigurbergs Gröndals Ragnarssonar, hefur ekki verið sótt þing, og er þeim þó löglega stefnt. Er því farið með mál þeirra samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936. Það athugast, að lýsing hins umdeilda veðskuldabréfs er hér röng í stefnu að því leyti, að ekki er getið Friðriks Björgvinssonar sem útgefanda.

Í ljósi þeirrar niðurstöðu í aðalsök, að með hinu umdeilda skuldabréfi hafi ekki stofnast veðréttur í eigninni efri hæð að Selvogsgrunni 22, Reykjavík, þykir þessi galli þó eigi eiga að standa í vegi fyrir efnisdómi í þessum þætti málsins, og skulu stefndu með vísan til greindrar niðurstöðu vera sýknir af kröfum stefnanda. Málskostnaður dæmist ekki.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

D ó m s o r ð:

Ógilt skal vera að öðru leyti en því, er varðar persónulega skuldbindingu útgefandans, Friðriks Björgvinssonar, veðskuldabréf til handhafa, út gefið 22. febrúar 1984 af Friðriki Björgvinssyni og einnig sagt út gefið af Jóhönnu Þorgrímsdóttur, að fjárhæð 75.000 kr., sem greiða skyldi með tveimur jöfnum afborgunum á tólf mánaða fresti, í fyrra skipti 25. nóvember 1984, og bera 20% vexti, tryggt með 6. veðrétti samhliða samhljóða veðskuldabréfi í efri hæð hússins nr. 22 við Selvogsgrunn í Reykjavík ásamt tilheyrandi hlutdeild í lóðarréttindum og sameign, þinglesið og merkt litra 6182.

Gagnstefnda, Jóhanna Þorgrímsdóttir, skal vera sýkn af öllum kröfum gagnstefnanda, Óskars Þorleifssonar.

Hvor aðili beri sinn kostnað af þessum þætti málsins.

Sakaukastefndi í gagnsök, Friðrik Björgvinsson, skal greiða gagnstefnanda, Óskari Þorleifssyni, 75.000 kr. ásamt 20% ársvöxtum frá 22. febrúar 1984 til 1. nóvember 1988, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 25.000 kr. í málskostnað. Dráttarvexti má leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti, sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987, í fyrsta sinn 1. nóvember 1989.

Sakaukastefndu í gagnsök, Eggert Andrésson og Sigurberg Gröndal Ragnarsson, skulu vera sýknir af dómkröfum gagnstefnanda, Óskars Þorleifssonar.
